



**14.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið  
2018-2022, haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 9.desember 2019, kl.08:15.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,  
Árni Eiríksson og Kristín Magnúsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg  
Garðarsdóttir.**

1. Málefni Alviðru. Smári fulltrúi héraðsnefndar í Alviðrunefnd kom á fundinn og fór yfir stöðu mála. Aðili sem leigði húsið í Alviðru er-loks farinn úr húsinu. Hugmyndir hafa komið upp um frekari leigu hússins og veiðihúss, frá Landvernd. Málin rædd og uppleggið að óska eftir fundi með stjórn Landverndar um skiptingu eigna, Alviðru og Öndverðarness.
2. Farið yfir stöðu húsnæðismála héraðsskjalasafnsins. Þorsteinn héraðskjalavörður kom inn á fundinn og fór yfir rýmisgreiningu nýs húsnæðis. Rætt var um áhuga annarra sveitarfélaga á samvinnu héraðsskjalasafnanna þeirra við okkar og Þorsteini falið að klára drög að kostnaðartölum varðandi það, sem hægt væri að leggja fyrir þá eigendur safnanna.
3. Árni fór yfir stöðu mála á byggðasafninu. Auglýst var eftir starfsmanni og sóttu yfir tuttugu manns um og er verið að fara yfir umsóknirnar. Framkvæmdir við Búðarstíg eru samkv. áætlun.
4. Helgi sagði frá stöðu mála vegna nýs forstöðumanns listasafnsins, en 18 sóttu um stöðuna og verður gengið frá ráðningu fyrir jól.
5. Þóknun stjórnarmanna. Ákveðið að hækka þau um 3% á milli ára.

Fundi slitið kl. 09:55.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Helgi S Haraldss*  
*Árni Eiríksson*  
*Kjartan Björnsson*  
*Eyþór H. Ólafsson*  
*Ingibjörg Garðarsdóttir*